**RÍKISSAKSÓKNARI**

Alþingi
Erindi nr. Þ 125/1188
komudagur 24.3.2000

BN/
B.180/00

Reykjavík 23. mars 2000

Borist hefur til umsagnar, með bréfi formanns allsherjarnefndar Alþingis dags. 2. þ.m. frumvarp til laga um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, 328. mál.

Engar athugasemdir eru gerðar eða ábendingar settar fram af hálfu ríkissaksóknara vegna téðs frumvarps, en þó vekur til umhugsunar það orðalag í 1. mgr 2. gr. að þeir sem þar er um rætt skuli gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Virðist þetta gefa tilefni til að spyrja undir hvern „vegabréfaeftirlitið" heyri, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga um eftirlit með útlendingum.

Bogi Nilsson

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK